
Í dag verður opnuð samsýning **Grafíkfélagsins** á Kjarvalsstöðum og kemur þar í ljós, að þessi listmiðill hefur þróast í rétta átt. Lengi vel átti grafík undir högg að sækja hér á landi, enda voru fáir sem lögðu stund á hana. Hér er stiklað á nokkrum atriðum úr fortíðinni og rætt lítillega við tvo grafíklistamenn, **Ragnheiði Jónsdóttur** og **Daða Guðbjörnsson.**



Björg Þorsteinsdóttir: Óskasteinn, 1986.

SEYTJÁN ÁRA OG Í FULLU FJÖRI

Þrykklist á sér ekki langa sögu hér á landi, ef frá eru talin nokkur einangruð fyrirbæri, svo sem tréþrykk úr Hólaprentstofu sem ætluð voru til bókaskreytinga og koparstungur sem komu að utan og prýddu heimili betur stæðra.

Til eru dæmi um að stungið hafi verið eftir teikningum íslenskra listamanna og eru þekktust þeirra skreytingar Sæmundar Hólm (1749—1821), en eftir teikningum hans við ferðabók Olaviusar, 1780, voru stungnar myndir af þýskum grafíklistamönnum.

Sæmundur reyndi að fá grafíkpressu keypta til landsins, en yfirvöld sinntu ekki beiðni hans og þ.a.l. urðu Íslendingar enn um sinn að reiða sig á innflutning slíkrar listar. Því miður varð tilraun hins ágæta teiknara til að skjóta stoðum undir íslenska þrykklist aðeins ein af fjölmörgum sem fóru í vaskinn næstu tvær aldirnar.

Það er sorglegt að svo snemmborinn áhugi fyrir grafík skuli ekki hafa borið frjóan ávöxt fyrr en á seinni hluta tuttugustu aldar, því ekki er manni örgrannt um að lítill áhugi landsmanna á svartlist sé afleiðing þeirra löngu fæðingarhríða. Grafík er svo náskyld teikningu, að hún getur vart talist annað en fjölfölduð svartlist. Flest hefðbundin þrykk lúta sömu lögmálum og teikningar. Listamaðurinn dregur væntanlega þrykkmynd upp með einhverju áhaldi; eggjárni; sýl; olíukrít, eða öðru hjálpartæki og hagar sér þá nákvæmlega eins og teiknari. Það er einungis undirstaðan sem er ólík; stensill úr málmi; gúmí; viði; steini og silki í stað pappírsins, að ógleymdri sjálfri prenttækninni.

Snemmbornir brautryðjendur

Nú stendur fyrir dyrum sýning félagsmanna í Íslenskri grafík, félagi sem upphaflega leit dagsins ljós árið 1954, lognaðist útaf, en var endurvakið árið 1969. Það eru Kjarvalsstaðir sem hýsa sýninguna að þessu sinni, enda þarfnaðist félagið rúmgóðra salarkynna, því það hefur vaxið svo mjög upp á síðkastið að tala meðlima hleypur á nokkrum tugum.

Það er m.ö.o. af sem áður var þegar einungis örfáir sérvitringar innan stéttar myndlistarmanna lögðu sig eftir grafíktækninni. Það var þó brautryðjendastarf þeirra sem kveikti áhugann í brjóstum yngri manna. Þar verður að geta manna eins og Guðmundar Einarssonar frá Miðdal (1895—1963), en hann var óþreytandi að kynna löndum sínum heima hinar ýmsu tegundir lista og listiðna. Guðmundur var sannkallaður þúsundþjalasmiður; málaði; vann að leirkeragerð og síðast en ekki síst